

Athugun á laxa- og fiskalús 18. september 2017

Mánudaginn 18. september var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á löxum í kvíum Arctic Sea Farm hf. við Gemlufall í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Arctic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr. 18-15.

Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo sem er einnig verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Skipstjóri var Jón Magnússon og farið var á bátnum Hafnarnes. Sjávarhiti var 10,5 °C.

Við kvíabyrpinguna út af Gemlufall eru tíu kvíar en sex innihalda lax þennan dag. Laxinn var settur í kvíar G1 og G10 í lok júní/byrjun júlí og í kvíar G3 og G8 í byrjun ágúst á þessu ári. Athugaðir voru 17 fiskar úr kví G1, 15 fiskar úr kví G3, 15 fiskar úr kví G8 og 35 fiskar úr kví G10.

Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Brynjar Gunnarsýni. Nánari upplýsingar um fjölda fiskilúsa á fiskunum má finna í töflu 2. Allar laxalýs og flest fiskilýs voru teknar og eru nú geymdar á sýnasafni Náttúrustofunnar.

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví G1, G3, G8 og G10 við Gemlufall í Dýrafirði 18. september 2017.

Kví	Fjöldi í kví	Þyngd (gr)	Athugaðir fiskar	Fiskilús	Meðaltal fiskilúsa	Laxalús			Athugasemdir
						F	H	K	
G1	87.800	729	17	143	8,4	1	0	1	Án eggstrengja
G3	31.300	326	15	65	4,3	0	2	1	Án eggstrengja
G8	111.000	205	15	48	3,2	0	2	0	
G10	91.000	924	35	226	6,5	0	2	1	Án eggstrengja

F= Fastar lýs

H= Hreyfanlegar lýs

K= Kynþroska kvenlýs (með og án eggstrengja)

Tafla 2. Fjöldi fiskilúsa á fiskum úr kví G1, G3, G8 og G10 við Gemlufall í Dýrafirði 18. september 2017.

Fiskur nr.	G1	G3	G8	G10
1	6	2	0	6
2	2	2	5	6
3	2	3	0	15
4	4	3	3	4
5	10	5	2	12
6	6	7	5	7
7	16	7	4	8
8	20	4	3	5
9	8	3	2	4
10	12	2	4	4
11	2	0	5	3
12	6	2	6	6
13	8	13	0	10
14	10	7	5	14
15	15	5	4	12
16	8			5
17	8			5
18				3
19				0
20				8
21				7
22				4
23				3
24				12
25				9
26				10
27				3
28				4
29				2
30				9
31				5
32				6
33				3
34				5
35				7
Samtals	143	65	48	226

Greinagerð ritaði Cristian Gallo,

Bolungarvík, 19. september 2017.



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA